



246. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 1. september 2016 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSí, Helga Steinunn Guðmundsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Sigríður Jónsdóttir ritari, Garðar Svansson, Örn Andrésson, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Gunnlaugur Júlíusson, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Þórey Edda Elísdóttir 1. varamaður, Lilja Sigurðardóttir 2. varamaður, Jón Finnbogason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.

Forföll boðuðu: Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir.

Þetta gerðist:

Forseti sett fundi og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ólympísk málefni

Örn Andrésson skýrði frá því helsta í undirbúningi næstu ólympísku verkefna.

EYOWF 2017

Fylgst er vel með stöðu mála í Tyrklandi en hátíðin verður haldin í Erzerum í janúar næstkomandi. Aðalfararstjórafundur verður haldinn 27. nóvember næstkomandi.

Ólympíuleikarnir í Ríó

Leikarnir gengu vel og almennt var árangur íslensku þátttakendanna góður. Árangur þeirra verður tíundaður í skýrslu aðalfararstjóra, sem er í vinnslu.

Smáþjóðaleikar 2017

Tvísýnt verður um keppni í blaki kvenna á Smáþjóðaleikunum í San Marínó 2017 þar sem Evrópumeistaramót í blaki kvenna fellur á sömu daga og leikarnir verða haldnir. Einnig er óvíst um keppni í körfuknattleik karla þar sem bestu leikmennirnir verða bundir í verkefnum með sínum félagsliðum á sama tíma.

2. Ólympíuleikarnir í Ríó

Forseti skýrði stuttlega frá dvöl sinni á Ólympíuleikunum í Ríó. Rætt um umgjörð og framkvæmd leikanna og handtöku Patrick Hickey, forseta EOC, vegna meintra brota vegna sölu á aðgöngumiðum. Handtaka hans kom öllum í opna skjöldu og ekki síst harkaleg meðferð lögreglunnar í Ríó á Patrick við handtökuna. Patrick er nú laus úr fangelsi en er í farbanni á meðan fjallað er um mál hans fyrir dómstólum í Brasilíu.

Rætt um móttöku forsætisráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra til heiðurs íslensku þátttakendunum sem haldin var í Ráðherrabústaðnum 25. ágúst sl. Móttakan var afar vel heppnuð. Þar var þátttakendum afhent viðurkenning frá Alþjóðaólympíunefndinni vegna þátttökunnar og Eygló Ósk Gústafsdóttir og Hrafnhildur Lúthersdóttir fengu afhenta

sérstaka viðurkenningu frá Alþjóðaólympíunefndinni fyrir þann árangur að vera í einu af átta efstu sætunum í viðkomandi íþróttagreinum.

Gjaldkeri greindi frá því að forsendur miðasölu á þessum leikum hafi verið allt aðrar í samanburði við síðustu leika. Illa gekk að selja miða og mannvirki oft á tíðum hálfótóm á viðburðum. Lítur því út fyrir það að fórnarkostnaður ÍSÍ verði talsverður hvað varðar miða.

3. Fagsvið ÍSÍ – stutt yfirlit

Sigríður Jónsdóttir formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá helstu verkefnum sviðsins. Norræna skólaíþróttahlaupið verður sett formlega á morgun í Sandgerði. Ráðstefnan Sýnum karakter verður haldin 1. október næstkomandi í samstarfi við UMFÍ. Ráðstefnan er upphafið að verkfærakistu fyrir þjálfara sem verður haldið á heimasíðunni synumkarakter.is. Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ leggur til að framlag til þjálfarastyrkja úr Verkefnasjóði ÍSÍ verði hækkað svo hægt verði að hækka styrki til hvers og eins. Vísað til Verkefnasjóðs ÍSÍ til skoðunar.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri skýrði frá helstu verkefnum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Undirbúningur fyrir Göngum í skólann og Hjólum í skólann er í fullum gangi sem og undirbúningur fyrir fund norrænna samtaka um fyrirtækjaíþróttir sem haldinn verður á Selfossi í lok september.

4. Norrænn fundur íþrótt- og ólympíusamtaka

Fundur norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka verður haldinn í Helsinki 25.-27. september nk. Lagt til að forseti, gjaldkeri, framkvæmdastjóri, skrifstofustjóri og sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs sæki fundinn. Tillagan samþykkt. Dr. Viðar Halldórsson mun halda fyrirlestur á fundinum um gott gengi Íslands í íþróttum. Mikill áhugi er hjá hinum Norðurlöndunum á þessu efni.

5. Samningar við mennta- og menningarmálaráðuneytið

Samningar um aukið fé til ÍSÍ og þá aðallega til afreksíþróttastarfs voru undirritaðir fyrir fimm vikum síðan. Forseti fór yfir samningana og þær hækkningar sem þeir innibera. Í ljósi þess að framlag til afreksíþróttastarfs stóreykst næstu árin þá er nauðsynlegt að endurskoða og móta hvernig þetta viðbótarfjármagn verður best nýtt til að bæta umhverfi afreksíþróttar á Íslandi. Hann óskaði heimildar frá framkvæmdastjórn til að skipa þriggja til fimm manna vinnuhóp um afreksíþróttir til að yfirfara úthlutnarreglur Afrekssjóðs ÍSÍ og skoða hvaða viðbætur og breytingar þarf að gera í samræmi við þær upplýsingar sem vinnuhópurinn aflar á meðan á starfi hans stendur. Vinnuhópurinn skal leita samstarfs við innlenda og erlenda sérfræðinga til ráðgjafar um það hvernig best skuli standa að þessu verkefni og nýta þá þekkingu og reynslu sem þeir hafa af afreksíþróttastarfi erlendis. Einnig skal vinnuhópurinn hafa samráð við íþróttahreyfinguna á Íslandi og þá sérstaklega framkvæmdastjórn ÍSÍ, sérsambönd ÍSÍ, Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ og stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ. Samþykkt að veita forseta heimild til að skipa vinnuhópinn.

6. Starfsmannamál

Elías Atlason hefur verið ráðinn sem verkefnastjóri Felix, í stað Óskars Arnar Guðbrandssonar. Hann hefur þegar hafið störf.

Erla Scheving Halldórsdóttir bókari er hætt störfum og hefur Kristín Ásbjarnardóttir verið ráðin í hennar stað. Kristín hefur störf 15. september næstkomandi.

7. Íþróttaping ÍSÍ 2017

Samþykkt að halda 73. Íþróttaping ÍSÍ 5. og 6. maí 2017 í Reykjavík.

Lögum ÍSÍ var breytt á síðasta þingi þannig að nú verður helmingur stjórnar kjörinn til tveggja ára og helmingur til fjögurra ára. Engir varamenn verða kosnir. Forseti verður kjörinn til fjögurra ára. Forseti óskaði eftir því að stjórnarmenn láti vita fyrir heldur en seinna hvort þeir hyggist gefa áfram kost á sér til starfa í stjórn ÍSÍ.

8. Íþróttamaður ársins 2016

Hófið fer fram 30. desember í Hörpu. Samtök Íþróttafréttamanna hafa ákveðið að einungis verði valinn einn Íþróttamaður ársins 2016.

Fyrirhugað er að halda málþing um val á Íþróttamanni ársins, í samstarfi við Samtök Íþróttafréttamanna, þar sem ólíkar skoðanir verða settar fram og ræddar.

9. Heiðranir

Engar tillögur lágu fyrir fundinum.

10. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 245. fundur framkvæmdastjórnar
- 15. og 16. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ frá ágúst 2016 (minnisblað)

Framkvæmdastjórn samþykkti rafrænt tillögu Frjálsíþróttasambands Íslands um að Guðni Valur Guðnason keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Ríó samkvæmt valreglum FRÍ sem áður höfðu verið samþykktar í stjórn ÍSÍ. Samþykktin er hér með bókun formlega.

Ólympíusamhjálpin hefur úthlutað til ÍSÍ fimm styrkjum fyrir afreksíþróttafólk í skíðaíþróttum. SKÍ hefur óskað eftir því að styrkjunum verði skipt niður á sjö íþróttamenn og hefur ÍSÍ leitað heimildar frá Ólympíusamhjálpinni til þess að verða við ósk SKÍ. Samþykkt að eftirtalið íþróttafólk hljóti styrkina:

María Guðmundsdóttir, alpagreinar
Helga María Vilhjálmisdóttir, alpagreinar
Sævar Birgisson, skíðaganga
Snorri Einarsson, skíðaganga
Freydís Halla Einarsdóttir, alpageinar
Brynjar Leó Kristinsson, skíðaganga
Sturla Snær Snorrason, alpagreinar.

- Þróunar- og fræðslusvið ÍSÍ frá 30. ágúst 2016

11. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

12. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 6. október kl. 16:00.

13. Önnur mál

Ólympíuleikarnir í Tókíó

Alþjóðaólympíunefndin hefur tilkynnt að á næstu Ólympíuleikum sem haldnir verða í Tókíó 2020 þá verði framkvæmdaraðilum heimilt að bæta við nýjum íþróttagreinum. Það er þó ekki bindandi fyrir framkvæmdaraðila næstu leika að þessar greinar verði einnig á dagskrá þar. Greinarnar eru að þessu sinni hafna- og mjúkbolti, karate, sportklifur, hjólabretti og brimbretti.

Breytingar í Lyfjaráði

Tekið fyrir bréf frá Lyfjaráði ÍSÍ þar sem óskað er eftir eftirtöldum breytingum á skipan Lyfjaráðs ÍSÍ:

Skúli Skúlason hefur óskað eftir því að láta af störfum sem formaður Lyfjaráðs ÍSÍ og fer Lyfjaráð fram á að Davíð Rúrik Ólafsson taki við sem formaður ráðsins. Þá hafa Reynir Björnsson læknir ráðsins og læknir undanþágunefndar óskað eftir því að stíga til hliðar og fer ráðið fram á að í stað hans verði skipaðir Daði Jónsson endurhæfingarlæknir og Tómas Þór Ágústsson lyflæknir og innkirtlalæknir.

Ofangreindar breytingar samþykktar.

Styrkur úr Verkefnasjóði ÍSÍ

Samþykkt að veita Íþróttafélaginu Hetti styrk úr Verkefnasjóði ÍSÍ að upphæð kr. 350.000,- til að koma upp minnismerki við Vilhjálmsvöll á Egilsstöðum um afrek Vilhjálms Einarssonar silfurverðlaunahafa í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956 en á þessu ári eru einmitt 60 ár liðin frá afreki Vilhjálms. Fjárhagsáætlun verksins hljóðar upp á 1.450.000,-.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn 11. nóvember næstkomandi í Laugardalnum. Hugsanlega verður óformlegur fundur íþróttahéraða haldinn sama dag.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.